

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 9 – 2022

Staður: Hvanneyri og Teams

Tími: Þriðjudagur 4. okt 2022 kl. 14:00-15:30

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Daði Már Kristófersson, Haukur Þórðarson, Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson og Jóhannes Sveinbjörnsson. Lilja Björg Ágústsdóttir boðaði forföll og Þórána Jónsdóttir seinkun, hún kom inn á fundinn undir 5. lið. Jónína Þorlákisdóttir og Ása Aradóttir sátu fundinn undir 5. lið.

1. Nýtt háskólaráð var boðið velkomið til starfa og verkaskipting ákveðin. Varaforseti háskólaráðs verður Daði Már Kristófersson og ritari Jóhannes Sveinbjörnsson.

2. Starfsáætlun háskólaráðs var kynnt og rædd og fyrirbyggjandi drög samþykkt með fyrirvara um að nauðsyn geti verið að gera breytingar eftir því sem mál þróast. Áætlunin er tímasett eftir mánuðum.

3. Fjármál/fjárfestingar/áætlun um innviðaupbyggingu.

Fjárlagafrumvarp liggur fyrir. Hvað varðar Lbhí eru vissir hlutir þar ekki ásættanlegir, m.a. a)útreikningur á lækkun vegna nemendaígilda á Reykjum; b)mat á tækjum og búnaði á Reykjum sem keypt verður af Lbhí. Þessi atriði og fleiri eru í umræðunni milli Lbhí, ráðuneyta og fjárveitingavaldsins. Mikilvægt er að leysa málin í eitt skipti fyrir öll. Kaupin á Mið-Fossum eru klár, rammi varðandi jarðræktarmiðstöð liggur fyrir, lagt upp þannig að uppbygging fari fram að mestu árin 2023 og 2024, lokið 2025. 1000 fm jarðræktarmiðstöð, 3000 fm tilraunagróðurhús, kostnaðaráætlun upp á 1,5 milljarða. Uppbyggingaráætlun Lbhí 2022-2037 er í vinnslu og verður grunnskjal í áframhaldandi vinnu framkvæmdasýslu ríkisins. Upplaggið varðandi jarðræktarmiðstöð er þannig að ríkið standi straum af byggingarkostnaði í skiptum fyrir Korpu, en sjóður Magnúsar Óskarssonar muni nýtast til kaupa á tækjum og búnaði.

4. Gæðaúttekt fer fram 1.-3. nóvember á grundvelli gæðaskýrslu, þar þurfa m.a. fulltrúar í háskólaráði að koma að málum og verður dagskrá vegna úttektarinnar formuð á næstunni. Undirbúningur er vel á vegi. Stefnt að fundi gæðaúttektarnefndar með háskólaráði kl. 9 miðvikudaginn 2. nóvember.

5. MSc nám í Restoration Ecology (endurheimtarfræðum)- kynning og umræða

- a. Kynning á tillögum – fulltrúar frá deild N&S, Jónína Þorlákisdóttir, mætti á fundinn og kynnti tillögurnar, og Ása Aradóttir einnig (á Teams). Lbhí stendur sterkt í þessum fræðum bæði innan stofnunar og hvað varðar tengsl við aðrar stofnanir og háskóla. Sett upp sem hefðbundið tveggja ára 120-ECTS- MSc nám. Farið yfir samsetningu námsins,

kjarnakúrsa, bundið og óbundið val, lokaverkefni, hæfniviðmið o.s.frv. Mikil samlegðaráhrif eru innan Lbhí varðandi þetta nám.

- b. Deildin vinnur að kostnaðaráætlun, drög sýna heildarútgjöld m.v. 12 nemendur uppá 31,6 milljónir. Ása nefndi að það hefði lengi legið fyrir að ráða þurfi mannskap inn á þetta svið, bæði til að þjónusta landgræðsluskólann og sinna rannsóknum, jafnvel þó þetta nám hefði ekki komið til. En samlegðaráhrifin varðandi verkefnin eru skýr, einnig með öðrum deildum.

Til að ná til nemenda utan Evrópu þyrfti að auglýsa námið ekki seinna en í desember. Þórána benti á mikilvægi þess að fjárveitingar fyrir nemendaígildi verði tryggð, þannig að ekki sé verið að taka af öðrum námsleiðum. Formleg ákvörðun varðandi

6. Mál til kynningar/önnur mál

Umræðu um starfsreglur háskólaráðs var frestað, þar sem ekki voru allir háskólaráðsfulltrúar viðstaddir.

Vísindaferð starfsmanna til Amsterdam/Wageningen – lagt af stað á morgun miðvikudag og komið til baka á laugardag.

Bjargey Anna Guðbrandsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastýra Gleipnis – nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi. Hún verður með starfsstöð bæði á Hvanneyri og Bifröst.

Fulltrúar matvælaráðuneytis og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis komu í heimsókn í gær - metanbásinn Mummi vakti mikla athygli gestanna.

Fundi slitið kl. 15.40